

8. gr.

Peir sem fyrir 1. mars 1988 hafa öðlast rétt sem nú er krafist sérstakrar löggildingar til halda þeim rétti, enda fullnægi þeir almennum skilyrðum til þess, þannig:

- a. Peir sem fyrir 1. júlí 1958 hafa öðlast réttindi til að stjórna bifreið mega stjórna bifhjóli, svo og vörubifreið fyrir 5 smálesta farm eða meira.
- b. Peir sem fyrir 12. apríl 1960 hafa öðlast réttindi til að stjórna bifreið mega stjórna fólksbifreið fyrir fleiri en 16 farþega, þó ekki bifreið til farþegaflutninga í atvinnuskyni.
- c. Peir sem fyrir 1. mars 1988 hafa öðlast réttindi til að stjórna bifreið mega stjórna hópbifreið fyrir allt að 16 farþega, þó ekki bifreið til farþegaflutninga í atvinnuskyni.
- d. Peir sem fyrir 1. mars 1988 hafa öðlast réttindi til að stjórna leigubifreið til mannflutninga mega stjórna bifreið til farþegaflutninga í atvinnuskyni.
- e. Peir sem fyrir 1. janúar 1951 hafa öðlast réttindi til að stjórna leigubifreið til mannflutninga eiga rétt á að fá ótímabundin ökukennararéttindi.

9. gr.

Þar til fram hefur farið heildarendurskoðun reglugerðar um ökukennslu, próf öku-
manna o.fl., nr. 787 13. desember 1983, gilda ákvæði hennar áfram með þeim breytingum
sem leiða af gildistöku umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987.

10. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, öðlast
gildi 1. mars 1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. febrúar 1988.

Jón Sigurðsson.

Ólafur W. Stefánsson.

19. febrúar 1988

GJALDSKRÁ

Nr. 117

fyrir hundahald í Ísafjarðarkaupstað.

1. gr.

Gjald fyrir leyfi til þess að halda hund í lögsagnarumdæmi Ísafjarðarkaupstaðar, sbr. 7.
lið 1. gr. samþykktar um hundahald í Ísafjarðarkaupstað frá 15. júní 1987, skal vera kr. 400
fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði 1988. Gjaldið greiðist fyrirfram allt tímabilið.

2. gr.

Gjald fyrir töku á hundum sbr. 3. gr. samþykktar um hundahald í Ísafjarðarkaupstað,
skal vera kr. 2 000 í fyrsta skiptið, kr. 4 500 í annað skiptið og kr. 5 000 þriðja skiptið.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðar staðfestist hér
með skv. 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast þegar
gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 19. febrúar 1988.

F.h.r.

Ingimar Sigurðsson.

Soffía Magnúsdóttir.